

Ávarp heilbrigðisráðherra

á aðalfundi Læknafélags Íslands 8. nóvember 2018

Fundarstjóri, aðalfundargestir. Kærar þakkir fyrir að bjóða mér til fundar með ykkur á aðalfundi.

Eins og gefur að skilja er að mörgu að hyggja í ráðuneyti heilbrigðismála og glíman við fyrirsagnir dagsins tekur stundum meiri tíma en framtíðarsýnin og stefnumótunin. Óundirbúinn fyrirspurnartími felur í sér efni dagsins, tiltekið lyf einn daginn, biðlistar þann næsta og sjúkraflutningar þann þriðja. Stjórnarsýslan er upptekin við að sinna fyrirspurnum, utanaðkomandi erindum og málefnum líðandi stundar. Í slíku umhverfi er mikilvægt að taka alvarlega eitt mikilvægasta hlutverk hvers ráðuneytis, stefnumótunarhlutverkið, setja það á dagskrá og í forgang.

Þessa dagana er sú vinna við heilbrigðisstefnu sem nú stendur yfir mér efst í huga. Þar er mikið undir og í mörg horn að líta, sumt lýtur að kjarnanum í samfélagssáttmálanum, sameiginlegum skilningi á gildum, siðferðilegum viðmiðum og hlutverki heilbrigðiskerfisins í því að skapa gott og réttlátt samfélag til langrar framtíðar. Við þurfum í þessari vinnu að læra af fortíðinni en þó fyrst og fremst að horfa til framtíðar, hvaða áskoranir munu mæta okkur á næstu tíu árum og jafnvel enn lengra inn í öldina.

Stefnumótun þarf að kallast á við daginn í dag en ekki síður að búa okkur undir breytileika og óvissu framtíðarinnar.

Við þurfum að mörgu leyti breytta hugsun. Skjólstæðingar heilbrigðiskerfisins hafa betri aðgang að upplýsingum en áður, sem hefur áhrif á þær kröfur sem þeir gera til þjónustunnar, skilningur almennings er að hluta til meiri en líka þannig að upplýsingarnar geta verið brotakenndar og óljós skilin milli gagnreyndrar þekkingar og nýjustu töfralausnanna á netinu. Tæknin gerir okkur kleift að ná árangri sem hefði verið óhugsandi fyrir nokkrum árum eða áratugum en siðferðilegum álitamálum fjölgar og samfélagsumræðan heldur ekki alltaf í við tæknilegar framfarir. Menntun heilbrigðisstétta hefur fleygt fram, verkefni færast á milli faghópa, aukin áhersla á teymisvinnu á öllum stigum þjónustunnar þar sem hlutverk og verkefni tvinnast saman. Sérhæfing er einnig orðin mikil, ekki síst í ykkar stétt. Loks má nefna að unga fagfólkið okkar gerir aðrar kröfur um vinnutíma og starfsumhverfi en þeir sem eldri eru, sem hefur áhrif á allt skipulag þjónustunnar. Þannig mætti lengi áfram telja.

Sú vinna sem nú stendur yfir við gerð heilbrigðisstefnu er einstakt tækifæri til að meta frá grunni hvernig hverjum þætti þjónustunnar verður best fyrir komið innan kerfisins, sem við erum stöðugt að endurskipuleggja í takt við nýja tíma.

Við þurfum að leggja aukna áherslu á samfellda þjónustu, skýra og skiljanlega þar sem tvíverknaður heyrir sögunni til og óhófleg bið eftir þjónustu sömuleiðis.

Nýsköpun er mér hugleikin og tækifæri til nýsköpunar og nýrrar hugsunar eru mörg í ykkar fagi. Ég tek fagnandi hugmyndum ykkar um nýjar leiðir til að mæta breyttum þörfum og kröfum samfélagsins. Þó þarf alltaf að gæta að því að við umfjöllun og greiningu á þeim breytingum sem fjórða iðnbyltingin felur í sér þarf ekki síst að fjalla um áhrif hennar á heilbrigðisþjónustuna og raunar alla umönnun og velferðarþjónustu. Menntan verður alltaf að vera fyrir hendi og má ekki víkja fyrir tæknilausnum.

Til þess að heilbrigðisstefnan verði framsýn hef ég leitað leiða til að fá sjónarhorn sem flestra. Ég hef fengið innlegg frá stofnunum ráðuneytisins, viðhorf og sjónarmið frá almenningi, sjúklingafélögum, fagfélögum og heilbrigðisstarfsfólki, almenningi á heilbrigðisþingi og næsta skref er að leggja drög að stefnunni í samráðsgátt stjórnvalda, þar sem mögulegt verður að koma frekari athugasemdum við stefnuna á framfæri. Tillaga til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu verður lögð fyrir Alþingi á vorþingi.

Lykilviðfangsefni heilbrigðisstefnunnar eru:

- stjórnun og samhæfing við veitingu heilbrigðisþjónustu, hvernig best má stuðla að því að heilbrigðisþjónusta sé veitt á viðeigandi þjónustustigi,
- hvernig tryggt sé að sjúklingar og aðstandendur séu virkir notendur heilbrigðisþjónustu og geti tekið ákvarðanir um meðferð byggða á réttum upplýsingum,
- gæðakröfur til heilbrigðisþjónustu,
- hvernig standa eigi að menntun heilbrigðisstarfsfólks og tryggja nægan mannafla í heilbrigðiskerfinu,
- vísindastarf og nýsköpun og fleira.

Mér er sérstaklega ofarlega í huga að bæta aðgengi landsmanna allra að þjónustunni, og vil leita leiða til að tryggja þeim sjúklingum sem þurfa á sérfræðilæknisþjónustu að halda, jafna möguleika á meðferð óháð því hvar búseta þeirra er. Þar skiptir samvinna og tækni sköpum.

Kjör lækna eru nú orðin samkeppnisfær við það sem gerist í öðrum löndum, þar höfum við náð til lands. Víða er mönnun lækna þó svo brothætt að þungi þjónustunnar hvílir á herðum eins eða örfárra lækna. Það þarf að vera samvinnuverkefni stjórnvalda og lækna sjálfra að tryggja viðunandi heilbrigðisþjónustu um land allt.

Ágætu aðalfundargestir.

Aukið hlutverk heilsugæslunnar innan heilbrigðiskerfisins sem sinnir fyrsta stigs heilbrigðisþjónustu er forgangsmál mitt í starfi heilbrigðisráðherra og um það sérstaklega fjallað í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Heilsugæslan krefst flókinnar samhæfingar ólíkra aðila og margra fagstétta. Til stendur að efla þverfaglega þjónustu heilsugæslunnar meðal annars þannig að hægt verði að sinna fólki í ríkari mæli heima þar sem það á við, utan hefðbundinna stofnana.

Ég hef kallað þetta „heilbrigðisþjónustu heim“. Loks má sjá auknaáherslu á geðheilsu og geðheilbrigðismál með fjölgun sálfræðinga í heilsugæslunni og stofnun geðheilsuteyma um allt land.

Áhersla ríkisstjórnarinnar sést best á þeim auknu fjármunum sem varið er í heilsugæsluna, uppbyggingunni sem nú er í gangi hér á höfuðborgarsvæðinu, og á nýstofnaðri Þróunarmiðstöð heilsugæslunnar sem gert er ráð fyrir að þjóni landinu öllu og markvissri fjármögnun geðheilbrigðisáætlunar.

Þróunarmiðstöðin mun gegna lykilhlutverki í gæða-, vísinda og þróunarstarfi innan heilsugæslunnar á landsvísu. Þaðan munu koma samræmdir gæðavísar, verkferlar, fræðsluefni og fleira sem unnið verður í hópi fagstétta heilsugæslunnar af öllu landinu.

Ég hef miklar væntingar til starfs Þróunarmiðstöðvarinnar og vona að hún geti orðið fyrirmynd gæðastarfs og samstarfs á fleiri sviðum heilbrigðisþjónustunnar.

Ég vil hér á þessum fundi – og af gefnu tilefni - leggja mikla áherslu á þann vilja minn að góð samvinna ríki milli stjórnvalda, sem móta stefnuna og bera hina endanlegu stjórnvaldsábyrgð í samfélaginu, og þeirra mikilvægu faghópa sem taka að sér að veita þjónustuna. Ekki síst Læknafélags Íslands.

Markmið stjórnvalda og veitenda þjónustu fara saman þ.e. „að allir landsmenn eigi kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði ...“ svo vitnað sé í fyrstu grein laga um heilbrigðisþjónustu.

Í þessari fyrstu grein laganna er áhersla

- á réttindi allra sjúklinga til gæðaðþjónustu,
- á framþróun þ.e. að veita eins góða þjónustu og hægt er að veita á hverjum tíma

og

- á samvinnu, þ.e. að sérfræðingar á sviði andlegrar, líkamlegrar og félagslegrar heilbrigði vinni saman.

Við hátíðlegt tilefni á Akureyri árið 1953 þar sem var verið að bæta heilbrigðisþjónustuna þar í bæ opnaði Eyþór í Lindu (Tómasson) samkomuna og ávarpaði hana þannig: „Ágætu læknirar og aðrar hjúkrunarkonur“. Ávarpið varpar ljósi á það í fyrsta lagi að íslenskt beygingarkerfi er síkvikt en líka að með því leggur Eyþór áherslu á mikilvægi þeirra faghópa sem þá stóðu einir í stafni heilbrigðisþjónustunnar.

Nú, 65 árum síðar, eigum við Íslendingar 33 löggiltar heilbrigðisstéttir og faglegt umhverfi gjörbreytt frá því sem þá var.

Samvinna er lykilhugtak ef við ætlum sem samfélag að ná því mikilvæga markmiði sem 1. gr. heilbrigðislaganna kveður á um. Samvinna og teymisvinna mun einkenna heilbrigðisþjónustu framtíðar og þarf líka að einkenna stefnumótun og framtíðarsýn, hvernig við tölum saman og hvernig við komumst að niðurstöðu. Að því vil ég vinna og vænti góðs samstarfs við Læknafélag Íslands í þeim efnum.

Öflug heilbrigðisþjónusta á heimsmælikvarða er einn af þeim þáttum sem ungt fólk horfir til þegar það velur sér búsetu. Þess vegna er heilbrigðisstefna og bætt heilbrigðisþjónustu líka spurning um stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Þannig verður Ísland góður valkostur til að starfa, læra og búa fyrir komandi kynslóðir. Heilbrigðisþjónustan

er stór hluti af velsæld og góðu samfélagi. Við getum verið í fremstu röð og við eigum að stefna þangað.

Góðir ráðstefnugestir.

Ég vil að lokum óska ykkur öllum farsældar og góðs gengis í ykkar mikilvægu störfum í þágu íslenskrar heilbrigðisþjónustu.